

Aðalfundur Sjóvár-Almennra trygginga hf. 2016

Fundargerð

Föstudaginn 11. mars 2016 kl. 15:00 var haldinn aðalfundur Sjóvár-Almennra trygginga hf. Fundurinn var haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

Formaður stjórnar Erna Gísladóttir setti fundinn og fundurinn kaus Helga Jóhannesson, hrl. sem fundarstjóra og Ásdísi Kjerúlf, hdl. sem fundarritara.

Fundarstjóri fór yfir lögmati fundarins og lýsti hann löglegan að því búnu, enda var fundurinn boðaður með löglegum fyrirvara auk þess sem mættir voru fulltrúar eigenda 85,33 % hlutafjár í félaginu.

Á fundinum lá fyrir ársreikningur félagsins fyrir árið 2015 auk starfskjarastefnu.

Dagskrá fundarins skv. 16. gr. samþykkt félagsins var eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir síðastliðið reikningsár, með athugasemdum endurskoðenda til kynningar og samþykktar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps félagsins á síðastliðnu reikningsári.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins lögð fram til atkvæðagreiðslu.
5. Tillaga til breytingar á samþykktum.
6. Kosning stjórnar félagsins.
7. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
8. Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins.
9. Tillaga um heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum.
10. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál.

Var þá gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar vegna ársins 2015

Erna Gísladóttir stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar. Erna fór yfir helstu atburði í sögu félagsins árið 2015.

Erna greindi frá því að á heildina litið hafi árið 2015 verið gott í rekstri Sjóvár. Árið var tjónþungt sem skilaði sér í neikvæðri afkomu skaðatrygginga en á móti kom að afkoma af líftryggingarekstri og fjárfestingum var vel yfir væntingum. Að sögn Ernu samþykkti aðalfundur 2015 heimild til handa stjórn til að kaupa eigin hluti í félaginu með framkvæmd endurkaupaáætlunar. Þá útskýrði Erna að stjórnin hafi í framhaldinu samþykkt endurkaupaáætlun sem gerði ráð fyrir kaupum að hámarki 5,02% af útgefnu hlutafé félagsins. Um síðustu áramót var búið að kaupa 1,84% hluta í Sjóvá. Erna kvað markmið með endurkaupaáætlun vera að lækka hlutafé félagsins og verði gerð tillaga um lækkun sem nemur

keyptum eigin bréfum um áramót á aðalfundi félagsins. Erna sagði að endurkaupin hefðu gengið hægar en reiknað var með í fyrstu þar sem velta með bréf félagsins hafi verið lítil og mætti því gera ráð fyrir því að áhugi núverandi hluthafa til að selja væri takmarkaður. Erna greindi frá því að stjórnin vildi afla sér heimilda til að taka þátt í að kaupa hlut ríkisins í Sjóvá til að hraða frekar endurkaupum og með það í hyggju að færa hlutafé niður. Erna sagði frá því að aðalfundur 2015 samþykkti arðgreiðslu til hluthafa sem nam fjórum milljörðum króna fyrir árið 2014. Arðurinn var greiddur út í apríl á síðasta ári og var það fyrsta arðgreiðsla félagsins. Erna kvað það stefnu stjórnar að félagið væri arðgreiðslufélag og að stjórnin myndi leggja það til á aðalfundi að greiða út arð sem næmi um 657 milljónum króna fyrir árið 2015.

Erna greindi frá því að nýtt regluverk á váttryggingamarkaði, Solvency II, hafi tekið gildi um áramótin og útskýrði að í reglunum væru gerðar auknar kröfur um sterkan fjárhag og virka áhættustýringu með það að markmiði að auka vernd váttryggingataka og að Sjóvá fylgdi þeirri stefnu að halda sterkri fjárhagsstöðu og stöðugleika í rekstrinum.

Í uppgjöri ársins 2015 voru óefnislegar eignir í viðskiptasamböndum og hugbúnaði sem keyptar voru við stofnun félagsins afskrifaðar að fullu. Samkvæmt Ernu byggðist þessi aðgerð meðal annars á mati stjórnenda vegna breytinga á lögum um váttryggingarsamninga sem gera viðskiptavinum hægar um vik að skipta um váttryggingafélag en áður. Hún kvað afskriftina ekki hafa nein áhrif á lykilstærðir, rekstraráætlanir, styrkleikamælikvarða og ákvarðanir um arðgreiðslur. Þá taldi hún að leiða mætti líkum að því að allur samanburður á váttryggingamarkaði yrði í kjölfarið skýrari þar sem ekki þyrfti lengur að leiðrétta fyrir óefnislegri eign Sjóvár, hvort heldur sem er í efnahagsreikningi eða í rekstrarreikningi.

Erna greindi frá því að um mitt ár hafi stjórnin ákveðið að leggja grunn að samkeppnisréttaráætlun fyrir Sjóvá samstæðuna og útskýrði hún að í því fælist stefnuyfirlýsing samstæðunnar í samkeppnismálum og fræðsla um samkeppnisrétt sem ætti að tryggja að starfað væri í samræmi við samkeppnislög og góða viðskiptahætti. Framkvæmt var áhættumat vegna samkeppnisáhættu og samkeppnisréttaráætlun virkjuð meðal annars með fræðslu til stjórnar, stjórnenda og starfsfólks.

Að lokum greindi Erna frá því að Anna Guðmundsdóttir hafi vikið úr endurskoðunarnefnd og sem varamaður í stjórn og að Kristín Egilsdóttir hafi tekið við í endurskoðunarnefnd. Erna þakkaði Önnu gott starf fyrir Sjóvá og bauð Kristínu velkomna til starfa. Þá þakkaði hún stjórnendum og starfsfólki fyrir hönd stjórnar Sjóvár fyrir gott starf á árinu 2015 og kvað stjórnina hlakka til áframhaldandi ánægjulegs samstarfs með starfsfólki og viðskiptavinum Sjóvár.

2. Endurskoðaðir reikningar og athugasemdir endurskoðenda vegna ársins 2015

Hermann Björnsson forstjóri kvað stöðu Sjóvár sterka þrátt fyrir vaxandi tjónatíðni og rysjótt veður á árinu, afkoman teldist góð og helgaðist það af mjög góðum árangri af fjárfestingarstarfsemi. Hann kvað afkomu skaðatrygginga hafa valdið vonbrigðum og að einstakar váttryggingagreinar hafi skilað mismunandi afkomu. Afkoma ökutækjatrygginga hafi t.d. farið versnandi. Hermann benti á að bættur efnahagur hafi hraðað endurnýjun bílaflotans sem var að verða með þeim elstu í Evrópu. Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar jókst umferðin um 6,2% prósent árið 2015 en það er næstmesta aukning sem mælst hefur síðan 2005. Hermann benti á að því miður hefði þessi aukning leitt til þess að fleiri slösuðust alvarlega í umferðinni og að banaslysum í umferðinni hefði fjölgað. Hann kvað þetta þróun sem þyrfti að sporna við og að við ættum að gera allt sem í okkar valdi stæði til að hindra að hún yrði

áfram á sömu leið. Hermann benti á að aukin bílaumferð skýrðist einnig af mikilli fjölgun ferðamanna. Það væri jákvæð þróun sem rennt hefði stoðum undir bætt efnahagsástand en á móti kæmi að við þyrftum að gæta að ýmsu í þessu sambandi svo sem öryggismálum og tryggingum, gæðum þjónustu og endurnýjun innviða þar sem m.a. væri aðkallandi að bæta vegakerfið, merkingar og fræðslu.

Hermann benti á að stjórnendur Sjóvár hafi gefið það út sem markmið að samsett hlutfall til lengri tíma sé um 95% sem þýðir að öllu jöfnu að bestu tímabilin skila tæplega 90% samsettu hlutfalli og verstu tímabilin rúmlega 100% eða þar yfir. Hermann sagði að líta yrði til þeirra tilvika sem skapa versnandi afkomu. Hann sagði það ljóst að það væri tjónahlutfallið sem nú væri að valda hærra samsettu hlutfalli. Bæði vegna einstakra tjóna og aukinnar tjónatíðni.

Þá sagði Hermann að ekki yrði undan því vikist að ræða atburði undanfarinna daga. Þau sterku og neikvæðu viðbrögð sem tillaga stjórnar um arðgreiðslu mætti. Umræðan leiddi til þess að stjórn breytti fyrri tillögu og grundvallaðist sú ákvörðun á orðsporsáhættu sem bæri að standa vörð um. Hermann varpaði fram þeirri spurningu hvað svo; Hverjir eiga hlutafélagið Sjóvá sem skráð er á hlutabréfamarkað og hver er réttmæt krafa viðskiptavina? Hermann taldi að hún hlyti að vera sú að fá þá vernd og þjónustu sem í boði er á samkeppnishæfu verði og að gegn greiðslu iðgjalds stæðu eftir sjóðir sem gætu mætt orðnum og óorðnum tjónum. Hermann benti á að allt frá árinu 2009 þegar nýtt félag var stofnað hafi sjónarmið eigenda verið mjög varfærin og að upphafleg arðgreiðslutillaga hafi ekki vikið frá þeim sjónarmiðum. Gjaldþol félagsins hefði ekki verið minna en það var við upphaf reikningsársins jafnvel þótt arðurinn hefði verið greiddur út. Hann benti einnig á að góð afkoma af rekstri Sjóvár skýrðist nær eingöngu af fjárfestingarstarfsemi. Góð afkoma fjárfestinga skýrðist einkum af tvennu. Í fyrsta lagi var ávöxtun á verðbréfamörkuðum á Íslandi miklu betri en menn óraði fyrir. Ávöxtun hlutafjár safnis var 53%. Hermann benti þá á að ekki væri hægt að reiða sig á slíka ávöxtun til lengdar og hvað þá að setja eignasafn sem ætlað væri að mæta tjónabótum undir sveiflur hlutabréfamarkaðarins. Í öðru lagi skýrðist góð afkoma á miklum fjárhagsstyrk félagsins. Gjaldþol félagsins í upphafi árs fyrir útgreiðslu arðs var 1,86 og því tæplega tvöfalt lögboðið lágmark.

Þeim hluta eigna félagsins sem ekki er ætlað að standa undir tjónaskuld er varið í fjárfestingar í áhættusamari eignum og eins og áður greindi gengu þær vel.

Hermann benti á að við skráningu á markað hafi verið gefið út að félagið ætlaði að láta alla starfspætti standa undir sér en nú væri svo komið að skaðatryggingahlutinn gerði það ekki. Hermann taldi það hættulegt að reiða sig á ólgu hlutabréfamarkaða í stað þess að gera þá kröfu að einstakir tryggingaflokkar stæðu undir sér. Hann benti á að fyrri arðgreiðslutillaga hefði byggst á því að skila fjármunum aftur til hluthafa svo þeir gætu varið þeim til annarra hluta. Nú þyrfti að finna leiðir til að gera það í sátt við samfélagið.

Hermann greindi frá því að á árinu 2015 hefði starfsfólk unnið mikið verk í að einfalda verkferla, skilmála og framsetningu þeirra með það að leiðarljósi að koma enn betur til móts við viðskiptavinum sem ættu að hafa greiðan aðgang að upplýsingum um sínar tryggingar, greiðslur, verndir o.s.frv. Hermann notaði tækifærið og þakkaði viðskiptavinum Sjóvár fyrir það traust sem þeir sýndu Sjóvá á liðnu ári. Þá þakkaði hann starfsfólki fyrir þeirra góða framlag og jákvæða viðhorf í garð félagsins. Stjórnarmönnum þakkaði hann árangursríkt og gott samstarf.

Þá fór Hermann yfir helstu þætti ársreikningsins. Hann vísaði til rekstarreiknings á bls. 6 þar sem fram kemur að iðgjöldin námu u.þ.b. 14,1 milljarði og hækkuðu um 3,46% á milli ára. Hrein iðgjöld námu ca. 13,3 milljörðum. Fjárfestingartekjur voru 4,6 milljarðar en ávöxtunin var mjög góð.

Heildartekjur námu um 18 milljörðum. Eigin tjón voru um 10,6 milljarðar og hækkuðu um 1,7 milljarða á milli ára. Rekstarkostnaður var um 3,5 milljarðar og nánast óbreyttur á milli ára. Afskriftir óefnislegra eigna námu 3,8 milljörðum en óefnislegar eignir voru afskrifaðar að fullu m.a. vegna breytinga á lögum um váttryggingastarfsemi. Heildargjöld með tjónum námu 17,9 milljörðum. Ef ekki hefði komið til áður nefndra afskrifta hefði hagnaður félagsins numið um 3,3 milljörðum. Hermann kvað afskriftirnar ekki hafa nein áhrif á gjaldþol félagsins og vísaði til skýringa í ársreikningi í því sambandi. Hermann útskýrði að endurtryggingareignir hafi farið í 1,2 milljarða, að viðskiptakröfur hafi hækkað í 4,1 milljarð og að handbært fé væri yfir milljarður. Eigið fé nam um 16,3 milljörðum í árslok 2015. Gjaldþol félagsins hækkaði um 3,5 milljarða á milli ára. Hermann benti síðan á að váttryggingaskuld hafi hækkað vegna aukinnar tjónatíðni og stórra tjóna. Hann benti á bls. 8-9 en fór ekki sérstaklega yfir þær. Þá vísaði hann til skýringa á bls. 10-39. Hann nefndi sumar en benti síðan sérstaklega á skýringar á bls. (3,4 og 26-33)

Að loknu erindi Hermanns opnaði fundarstjóri fyrir umræður og spurningar til Ernu og Hermanns. Engar spurningar bárust og þá var ársreikningurinn borinn upp til atkvæða og samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps félagsins vegna ársins 2015

Fundarstjóri fór yfir tillögu stjórnar félagsins um að greiddur yrði arður upp á 657 milljónir króna eða 0,4232 kr. á hlut fyrir árið 2015.

Gengið var til atkvæða um tillöguna og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins lögð fram.

Stjórn lagði til að starfskjarastefna félagsins sem samþykkt var á aðalfundi 2015 yrði óbreytt. Þá var tekið fram að ekki væri áformað að taka upp hvatakerfi á árinu 2016.

Fram kom breytingartillaga frá Gildi lífeyrissjóði um breytingar á hvatakerfi. Í lok kafla um hvatakerfi í starfskjarastefnu myndi bætast við setningin: „*Helstu ákvæði kaupaaukakerfisins sem snúa að kaupréttum skulu lögð fyrir hluthafafund til samþykktar.*“

Fundarstjóri tók fram að stjórn Sjóvár væri sammála breytingatillögu Gildis lífeyrissjóðs og gerði hana að sinni.

Tillagan var borin undir fundinn og var starfskjarastefnan samþykkt með áður nefndri breytingartillögu.

5. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins

Stjórn félagsins lagði til við aðalfund að eftirfarandi tillögur (I. - XIII.) til breytinga á samþykktum félagsins yrðu samþykktar:

I. Tillaga stjórnar til breytinga á fyrirsögn 1. gr. samþykpta félagsins

Lagt er til að fyrirsögn 1. gr. samþykpta félagsins orðist svo:

„*Nafn og heimili*“

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

II. Tillaga stjórnar um lækku hlutafjár og breytingu á 4. gr. samþykkt félagsins

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögunni sem var svohljóðandi:

Stjórn félagsins leggur fram eftirfarandi tillögu til afgreiðslu um lækku á hlutafé félagsins:

„Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. haldinn 11. mars 2016 samþykkir að hlutafé félagsins verði lækkað um kr. 30.084.227 að nafnverði til jöfnunar eigin hluta á grundvelli ákvæða laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Hlutafé félagsins lækkar þar með úr kr. 1.592.520.994 að nafnverði í kr. 1.562.436.767 að nafnverði.“

Hljóti tillagan samþykki aðalfundar verður fjárhæð hlutafjár breytt til samræmis í samþykktum félagsins, þannig að 4. gr. samþykkt félagsins orðist eftirleiðis svo:

„Hlutafé félagsins er kr. 1.562.436.767– einn milljarður fimm hundruð sextíu og tvær milljónir fjögur hundruð þrjátíu og sex þúsund sjö hundruð sextíu og sjö krónur - og skiptist í jafnmarga hluti að fjárhæð ein króna.“

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

III. Tillaga stjórnar um breytingu á 7. gr. samþykkt félagsins

Lagt er til að við 2. mgr. 7. gr. samþykkt félagsins bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

„Um eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer eftir lögum nr. 131/1997, um rafræna eignaskráningu verðbréfa og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra laga.“

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

IV. Tillaga stjórnar um breytingu á heiti III. kafla samþykkt félagsins

Lagt er til að III. kafla samþykkt félagsins fái heitið:

„Um hluthafafundi félagsins“

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

V. Tillaga stjórnar um breytingu á 11. gr. samþykkt félagsins

Lagt er til að við 1. mgr. 11. gr. samþykkt félagsins bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

„Svo fljótt sem verða má skal stjórn félagsins upplýsa um áætlaða dagsetningu aðalfundar á næstkomandi ári á vefsíðu félagsins, ásamt fresti fyrir hluthafa til að leggja fram mál eða tillögur sem taka á til meðferðar á fundinum, sbr. 2. mgr. 16. gr. samþykkt þessara.“

Að auki er lagt er til að orðalagsbreytingar verði gerðar á 2. mgr. 11. gr., þannig að í stað orðanna „21 dagur“ komi „þrjár vikur“ og í stað orðsins „hluthafafundur“ komi „aðalfundur“.

Verði tillagan samþykkt myndi 2. mgr. 11. gr. samþykkt félagsins eftirleiðis orðast svo:

„Þremur vikum fyrir aðalfund hið skemmsta skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda auk tillagna stjórnar um starfskjarastefnu, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa, sem þess óskar. Þá skal samfellt í þrjár vikur fyrir aðalfund og auk þess fundardaginn veita hluthöfum að lágmarki upplýsingar um eftirfarandi á vef félagsins:

1. Fundarboð.
2. Heildarfjöldi hluta og atkvæða á fundarboðsdegi, sundurliðað eftir flokkum ef við á.
3. Skjöl sem lögð verða fyrir aðalfund.
4. Ályktunartillögu eða eftir atvikum athugasemdir frá þar til bærri stofnun í félaginu að lögum varðandi hvert atriði í drögum að dagskrá aðalfundar. Einnig skal bæta ályktunartillögum hluthafa við á vef félagsins eins fljótt og auðið er eftir móttöku þeirra.
5. Eftir atvikum eyðublöð sem umboðsmaður skal nota við atkvæðagreiðslu eða nota á við skriflega atkvæðagreiðslu nema þau séu send hverjum hluthafa.“

Engar umræður urðu um tillögurnar og voru þær bornar undir fundinn og samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

VI. Tillaga stjórnar um breytingu á 13. gr. samþykka félagsins

- 1) Lagt er til að 1. mgr. 13. gr. samþykka félagsins orðist svo:

„Hluthafafundir eru lögmatir, án tillits til fundarsóknar, ef löglega er til þeirra boðað.

- 2) Lagt er til að 3. mgr. 13. gr. samþykka félagsins orðist svo:

Samþykktum félagsins verður einungis breytt á lögmatum hluthafafundi, nema ákvæði laga nr. 2/1995, um hlutafélög, heimili sérstaklega frávík þar frá. Ákvörðun hluthafafundar um breytingu samþykka verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum. Í þeim tilvikum, sem fjallað er um í 2. mgr. 80. gr. a og 3. mgr. 80. gr. b laga nr. 2/1995, um hlutafélög, er það einnig skilyrði fyrir breytingum félagssamþykka að hluthafar, sem ráða yfir 1/4 hlutafjárins, greiði ekki atkvæði gegn ákvörðuninni. Ákvörðun skal að öðru leyti uppfylla frekari fyrirmæli er félagssamþykktir kunna að kveða á um, auk hinna sérstöku ákvæða 94. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög.“

Engar umræður urðu um tillögurnar og voru þær bornar undir fundinn og samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

VII. Tillaga stjórnar um breytingu á 14. gr. samþykka félagsins

Lagt er til að 1. mgr. 14. gr. samþykka félagsins orðist svo:

„Rétt til þátttöku í hluthafafundum hafa allir hluthafar, stjórnarmenn, endurskoðendur félagsins og framkvæmdastjóri. Á aðalfundi hafa jafnframt rétt til setu þeir sem eru í framboði til kosningar í stjórn félagsins.“

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

VIII. Tillaga stjórnar um breytingu á 16. gr. samþykka félagsins

1. Lagt er til að 2. tölul. 1. mgr. 16. gr. samþykka félagsins orðist svo:

„Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár.“

2. Lagt er til að á eftir 1. mgr. 16. gr. samþykka félagsins komi tvær nýjar málsgreinar sem orðist svo:

„Eigi síðar en fjórum vikum fyrir áður tilkynntan aðalfundardag, sbr. lokamálslið 1. mgr. 11. gr. samþykka þessara, skal hluthafi, sem þess óskar, hafa gert skriflega eða rafræna kröfu um það til félagsstjórnar að fá tiltekið mál tekið til meðferðar á aðalfundi. Kröfunni skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar. Kröfu má gera síðar, en þó í síðasta lagi 10 dögum fyrir aðalfundinn.“

Félagsstjórn skal a.m.k. þremur dögum fyrir aðalfund birta á vefsíðu félagsins þær tillögur og ályktanir sem lagðar verða fyrir fundinn, svo og eftir atvikum endurskoðaða dagskrá fundarins.“

Engar umræður urðu um tillögurnar og voru þær bornar undir fundinn og samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

IX. Tillaga stjórnar um breytingu á 18. gr. samþykka félagsins

Lagt er til að 3. mgr. 18. gr. samþykka félagsins orðist eftirleiðis svo:

„Fyrstu fjögur stjórnarsætin skulu skipa þeir tveir karlar og þær tvær konur sem fá flest atkvæði við kjörið. Sá einstaklingur, karl eða kona, sem næst kemur á eftir fyrrgreindum fjórum stjórnarmönnum að atkvæðamagni, skal teljast réttkjörinn sem fimmti stjórnarmaðurinn. Skulu varastjórnarsætin skipa sá karl og sú kona sem fá flest atkvæði við kjörið. Hafi ekki nægilega margir af hvoru kyni boðið sig fram til stjórnar skal starfandi stjórn félagsins boða til nýs hluthafafundar þar sem fullnægjandi framboð beggja kynja skal tryggt.“

Fundarstjóri greindi frá því að tillagan væri tilkomin vegna skilyrða í lögum.

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

X. Tillaga stjórnar um breytingu á 19. gr. samþykka félagsins

Lagt er til að 3. mgr. 19. gr. samþykka félagsins orðist eftirleiðis svo:

„Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða öðrum lögum fyrirmælum og eru stjórnarfundir lögumætir, ef meirihluti stjórnarmanna eru mættir. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að meirihluti kjörinna stjórnarmanna eða varamanna í þeirra stað, séu aðalmenn forfallaðir, séu slíkri ákvörðun samþykkir og að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið, sé þess kostur. Stjórnin skal bóka stutta skýrslu um það, er fram fer á fundum hennar, og staðfestist hún með undirskrift mætttra stjórnarmanna.“

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

XI. Tillaga stjórnar um breytingu á 20. gr. samþykka félagsins

Lagt er til að 8. tölul. 2. mgr. 20. gr. samþykka félagsins orðist eftirleiðis svo:

„Að gera tillögu til aðalfundar um ráðstöfun tekjuafgangs eða eftir atvikum hvernig mæta skuli tapi samkvæmt ársreikningi.“

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

XII. Tillaga stjórnar um brottfall 21. gr. samþykka félagsins

Lagt er til að 21. gr. samþykka félagsins falli brott og númer síðari greina breytist til samræmis.

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

XIII. Tillaga stjórnar um breytingu á 27. gr. (26. gr. komi til brottfalls 21. gr.) samþykka félagsins

Lagt er til að við 2. másl. 2. mgr. 27. gr. samþykka félagsins bætist tilvísun til XII. kafla laga nr. 56/2010, um váttryggingastarfsemi og að 3.-5. másl. ákvæðisins falli brott. Verði tillagan samþykkt myndi 2. mgr. 27. gr. samþykka félagsins eftirleiðis orðast svo:

„Til að ákvörðun hluthafafundar um félagsslit sé gild, þurfa hluthafar, er ráða yfir minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins að greiða henni jákvæði sitt. Félagsslit fara fram skv. XIII. kafla hlutafélagalaga, nr. 2/1995 og XII. kafla laga nr. 56/2010, um váttryggingastarfsemi.“

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6. Kosning stjórnar félagsins

Sjálfkjörið var í stjórn félagsins.

Í framboði til aðalstjórnar félagsins voru eftirtaldir:

- Erna Gísladóttir, kt. 050568-2969, Valhúsabraut 25, 170 Seltjarnarnesi, (stjórnarformaður)
- Tómas Kristjánsson, kt. 151165-3389, Fjólugötu 13, 107 Reykjavík, (varaformaður)
- Heimir Haraldsson, kt. 220455-5999, Hesthömrum 20, 112 Reykjavík,
- Hjördís E Harðardóttir, kt. 180464-5819, Laugarásvegi 42, Reykjavík
- Ingi Jóhann Guðmundsson, kt. 120169-5729, Mávanesi 25, Garðabæ

Í framboði til varamennsku í stjórn voru:

- Garðar Gíslason, kt. 191066-5539, Smáraflöt 42, 210 Garðabæ.
- Kristín Egilsdóttir, kt. 030268-5989, Bræðratungu 30, 200 Kópavogi.

7. Kosning endurskoðenda/endurskoðunarfélags

Á aðalfundi félagsins þann 21. mars 2013 var Deloitte ehf. kosið endurskoðunarfélag Sjóvár til fimm ára, sbr. 4. mgr. 57. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 56/2010.

Þar sem fimm ára kjörtímabili Deloitte er ekki lokið var ekki þörf á kosningu undir þessum dagskrárlið.

8. Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins.

Lagt var til að stjórnarlaun yrðu hækkuð úr 275.000 í kr. 300.000 á mánuði og að laun stjórnarformanns verði tvöföld stjórnarlaun eða kr. 600.000. Þá var lagt til að hvorum varamanni skyldi greidd eingreiðsla kr. 300.000 í upphafi starfsárs og að auki kr. 100.000 fyrir hvern fund sem hann situr.

Opnað var fyrir umræður fyrir þennan dagskárlið og að því búnu var tillagan borin undir fundinn og samþykkt.

9. Tillögur um heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum

Stjórn félagsins lagði fram tillögur til breytinga á heimildum til kaupa á eigin hlutabréfum sbr. eftirfarandi:

Tillaga 1: Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.

Stjórn félagsins leggur fram eftirfarandi tillögu til afgreiðslu á fundinum:

Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. haldinn 11. mars 2016 veitir stjórn félagsins heimild til að kaupa allt að 156.243.676 eigin hluti í félaginu. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að eignarhald félagsins, og dótturfélaga þess, fari ekki umfram 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hluti í félaginu fara fram, hvort sem er hærra.

Gildi lífeyrissjóður lagði fram breytingartillögu í þá veru að á eftir fyrstu setningu í framlagðri tillögu stjórnar myndi eftirfarandi setning bætast við: „Heimildin skal einungis nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup á eigin bréfum.“

Einnig var lagt til að á eftir síðustu setningu tillögunnar kæmi eftirfarandi setning: „Aðrar heimildir um kaup á eigin hlutabréfum falla niður við samþykkt þessa.“

Fundarstjóri tók fram að stjórn Sjóvár væri sammála breytingatillögum Gildis lífeyrissjóðs og gerði þær að sínum.

Fundarstjóri hugðist bera tillöguna með fram komnum breytingatillögum upp til samþykktar en til máls tók fundarmaður sem vildi láta kjósa sérstaklega um fram komnar breytingatillögur og var það gert. Breytingatillögur Gildis lífeyrissjóðs voru samþykktar og var tillagan þannig breytt borin undir atkvæði fundarins og var hún samþykkt.

Tillaga 2: Samþykki aðalfundur að veita stjórn félagsins heimild til kaupa á eigin hlutum, sbr. tillögu 1, leggur stjórn félagsins fram eftirfarandi tillögu til afgreiðslu á fundinum:

Með vísan til heimildar stjórnar Sjóvá-Almennra trygginga hf. til kaupa á hlutum í félaginu samkvæmt samþykkt aðalfundar 11. mars 2016 veitir aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. 11. mars 2016 stjórn félagsins heimild til að kaupa hluti í félaginu með framkvæmd endurkaupaáætlunar. Tilgangur endurkaupaáætlunarinnar er að lækka hlutafé félagsins. Endurkaupaáætlunin verður framkvæmd af óháðum utanaðkomandi aðila, verðbréfafyrirtæki eða lánastofnun, sem tekur þar með allar viðskiptaákvæðanir er varða kaup á hlutum og tímasetningu kaupanna óháð félaginu. Fjöldi hluta sem keyptur skal samkvæmt endurkaupaáætluninni verður að hámarki 156.243.676 hlutir, en það jafngildir um 10% af útgefnu hlutafé félagsins, þó þannig að fjárhæð endurkaupanna verði aldrei meiri en 2.000 milljónir króna. Kaupin verða framkvæmd í áföngum með þeim skilyrðum að kaup hvers dags mega að hámarki vera 25% af meðaltali daglegra viðskipta með hlutabréf félagsins í Kauphöll Íslands í mánuðinum á undan þeim mánuði þegar áætlunin er birt opinberlega. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Viðskipti félagsins með eigin hluti í samræmi við

endurkaupaáætlunina skulu tilkynnt í samræmi við lög og reglugerðir. Heimild þessi skal gilda fram að aðalfundi félagsins 2017, en þó aldrei lengur en til 11. mars 2017.

Var gengið til kosninga um þessa tillögu og var hún samþykkt.

11. Önnur mál.

Önnur mál voru ekki borin upp á fundinum. Fundarstjóri gaf fundarmönnum kost á að taka til máls en enginn kaus að gera svo.


Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 16:00

Fundarstjóri:



Helgi Jóhannesson, hrl.

Fundarritari:



Ásdís Kjerúlf, hdl.